

**Mannlegi þátturinn** leggur áherslu á tilfinningar, huga, orku og anda. Þar er fjallað um sjálfsmynd, samskipti, uppeldi, geðið og almættið.

**MANNLEGI  
ÞÁTTURINN**



## Mannlegi þátturinn

ÁSDÍS OLSEN

### Í sjúkrabíl á fjórum fótum

Það hefur oft verið kallað á sjúkrabíl á mínu heimili – við fíflumst með þetta viðkvæma mál og þykjumst vita að á 112 sé búið að koma upp sérstökum útkallsflokki sem kallast „Ásdísarútkall“. Ég fæ nefnilega kvíðaköst eða – ég fékk kvíðaköst. „Ykkur er óhætt að fara í kaffi strákar – það er ekki von á Ásdísarútkalli í brád.“

En fyrsta útkallið mitt var skelfilegt fyrir alla aðila og svo brikalega hallærislegt .... en ég lít á það sem batamerki að ég get hlegið að þessu atviki í dag og er tilbúin til að deila því með ykkur. Ég var gestur á bænum Skorra- stað fyrir austan, rétt fyrir utan Neskaupstað. Ég var rifbeins- brotin og ennþá svoldið aum, en hafði látið mig hafa það að keyra austur til að vísitera og fara í úti- legu með fjölskyldu og vinum. Ég var að lesa unga dóttur mína í svefn þegar hún þurfti skyndi- lega að reisa sig upp og studdi sig nett við bringuna á mér. Og auðvitað fór brotna rífið af stað – en í raun var það hugurinn sem tók völdin og hitinn og stingur- inn sem ég raunverulega fann var traust undirstaða undir alls- kyns hryllingsmyndir sem tóku að rúlla í gegnum hausinn á mér – af sundurrifnum innylfum,

blæðandi hjartasári og tættum lungum. Og ég byrjaði að dofna upp og skjálfa og ég gat ekki andað og dauði minn var á næsta leyti. Og þegar sjúkrabíllinn kom var ég á fjórum fótum og varð ekki haggað – sannfærð um að rífið myndi breytast í óargadýr sem rífi mig í sundur að innan. Arrrrrrrg ... ekki koma við mig!!!! Leggjast á börurnar – nei ekki sjens. Á fjórum fótum á börum – ekki hægt.

Hvað var til ráða? Ég rifjaði upp gamla takta og skreið. Ég fór hægt yfir en komst út á hlað þar sem fjölskylda og vinir stóðu hjá skelfingu lostnir. Niðurlægingin var algjör – en hvaða máli skiptir það þegar maður er að drepast? Og á fjórum fótum klöngraðist ég upp í sjúkrabílinn ... og á fjór- um fótum var ég í sjúkrabílunum sem keyrði í hendingskasti með sírenuvæli í gegnum sveitina og inn á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað.

Í sjúkrabílunum byrjaði að slakna á mér. Eithvert öryggi í því að vera komin undir verndar- væng heilbrigðiskerfisins ... og í raun lítið sem ég gat gert meira til að bjarga lífi mínu. Á sjúkra- húsinu mætti ég þvílíkum skil- ingi og gæsku og ég leyfði mér að gefast upp í fangi sérfræðing-

anna. Áður en ég vissi af var ég orðin nokkuð brött ... en jafn- framt yfirbuguð af skömm og niðurlægingu. Hverskonar uppákoma var þetta hjá mér? Ég fór í alvörinni að vona að eitt- hvað almennilegt kæmi út úr rannsókninni. Hvernig átti ég að horfa framan í nokkurn mann eftir þessi ósköp. Átti ég að ég viðurkenna að ég væri ímyndun- arveik eða hysterísk – er það ekki það lægsta sem hægt er að komast? En rannsóknirnar á sjúkrahúsinu leiddu ekkert alvarlegt í ljós og næstu nótt svaf ég í tjaldi á Borgarfirði eystra.

Nokkrum dögum seinna ligg- um við fjölskyldan uppi í sófa heima að horfa á vídeó. Ég nýbú- in að taka verkjalyf eins og mér var uppálagt vegna rifbeinbrots- ins. Og skyndilega finn ég doða læðast niður hálsinn og bakið ... og hugurinn fer á flug – hvaða eitur tók ég eiginlega? Og ég byrja að skjálfa og ég get ekki andað og ég er að kafna og bráð- um dey ég og ég vil sjúkrabíl. Ég er borin út á börum og börnin mín standa grátandi hjá og ég sem er sannfærð um að ég sé að deyja ... en segi þeim til huggun- ar að þetta sé örugglega kvíða- kast – þau þurfi engar áhyggjur að hafa.